

Tvöföldun Vesturlandsvegjar

Tillaga að matsáætlun

Tvöföldun Vesturlandsvegjar frá Víkurvegi í Reykjavík að Skarhólabraut í Mosfellsbæ er nú í undirbúningi og er gert ráð fyrir framkvæmd á næsta ári.

Vesturlandsvegur er stofnbraut í þéttbýli, og er samkvæmt lögum háður mati á umhverfisáhrifum. Verkið er nú í matsferli.

Framkvæmdaraðili er Vegagerðin í samvinnu við Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ. Ráðgjafi Vegagerðarinnar við mat á umhverfisáhrifum er ráðgjafafyrirtækið Alta.

Fyrsta skref framkvæmdaraðila við mat á umhverfisáhrifum tiltekinnar framkvæmdar var að útbúa „tillögu að matsáætlun“ um framkvæmdina og hana má sjá á vegagerdin.is og alta.is.

Slys hafa verið tíð á þessum vegarkafli meðal annars þar sem vegurinn annar ekki þeirri umferð sem um hann fer. Þessi framkvæmd er því orðin tímabær. Vesturlandsvegur er hluti af Hringvegi (1) og er mikilvæg tenging höfuðborgarsvæðisins við Vestur- og Norðurland. Vesturlandsvegur er einnig ein meginumferðaræðin innan höfuðborgarsvæðisins. Hann er aðal-umferðaræðin milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar og þjónar Grafarvogi og þeim hverfum sem munu rísa á svæðum í kringum Úlfarsá og Úlfarsfell í framtíðinni. Meginmarkmið tvöföldunar Vesturlandsvegjar á þessum vegarkafli er að auka öryggi vegfarenda og þeirra sem um veginn þurfa að fara, greiða fyrir umferð og fækka slysum.

Samið hefur verið við VSÓ ráðgjöf ehf. um hönnun vegjarins.

Framkvæmdarlýsing

Vesturlandsvegur verður tvöfaldaður á 3,5 km kafla, frá Víkurvegi að Skarhólabraut, frá stöð 4.700 til stöðvar 8.400 (sjá mynd). Allar fyrirhugaðar framkvæmdir sem tengjast þeirri

framkvæmd sem nú er verið að meta, þ.e. tvöföldun Vesturlandsvegjar, eru merktar inn með gulu á myndinni. Vegurinn verður tvöfaldaður úr tveimur akreinum í fjórar, en ráð gert fyrir þeim möguleika að breikka hann í sex akreinar síðar. Á 1,5 km kafla, frá stöð 5.000 til stöðvar 6.500, er ráðgert að flytja veginn til austurs, fjær Úlfarsá en nú er. Brýr yfir Úlfarsá verða einnig endurnýjaðar um leið og vegurinn verður lagður.

Í framtíðinni eru fyrirhuguð mislæg gatnamót við Hallsveg/Úlfarsfellsveg og Korpúlfsstaðaveg en ekki er talin þörf á þeim næstu árin. Mislægu gatnamótin eru því ekki hluti af þessu mati á umhverfisáhrifum vegna tvöföldunar Vesturlandsvegjar, en séð verður til þess að nægilegt landsvæði verði tekið frá fyrir þau til framtíðar.

Í fyrstu verða gerð tvö hringtorg í stað þessara fyrirhuguðu mislægu gatnamóta. Hringtorgið í Mosfellsbæ tengist Korpúlfsstaðavegi úr Staðahverfi og starfsemi Skógræktarfélag Mosfellsbæjar í Úlfarsfellshlöðum.

Framtíðaráætlanir

Ýmsar breytingar eru fyrirhugaðar á svæðinu umhverfis þennan hluta Vesturlandsvegjar í framtíðinni. Fyrirhuguð er uppbygging í Halla- og Hamrahlíðalöndum og í landi Blikastaða samanber Aðalskipulag Reykjavíkur 2001 til 2024 og samþykka tillögu að Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002 - 2024.

Reykjavíkurborg hefur gefið fyrirheit um lóð vestan Vesturlandsvegjar, milli Hallsvegjar og tengivirkis Orkuveitu Reykjavíkur. Gangi sú lóðaúthlutun eftir verður á næsta ári ráðist í lagningu tengibrautar til norðurs frá Hallsvegi að landi RALA. Tengibrautin mun tengjast núverandi Vesturlandsvegi með bráðabirgðatengingu sem tengist svo aftur nýjum Vesturlandsvegi í hringtorgi. Ný aðkoma að tengivirki OR og RALA verður þá eftir þessum götukafli þar sem núverandi aðkoma að



Mislæg gatnamót Víkurvegjar og Vesturlandsvegjar.

þessum lóðum mun leggjast af við tvöföldun Vesturlandsvegjar. Gangi þessi áform ekki eftir verður unnt að tengja þessar lóðir á annan máta við Vesturlandsveg, m.a. með því að nota núverandi aðkomur að hluta til. Mislæg gatnamót við Hallsveg eru fyrirhuguð á samgönguáætlun 2007 - 2010, ásamt framlengingu Hallsvegjar frá Víkurvegi að Vesturlandsvegi. Frá þeim gatnamótum verður „Úlfarsfellsvegur“ lagður inn Úlfarsárdal að mörkum sveitarfélaganna við Mosfellsbæ, en „Úlfarsfellsvegur“ er ekki fyrirhugaður á samgönguáætlun fyrir en tímabilið 2011 - 2014. Mislæg gatnamót við Korpúlfsstaðaveg eru einnig á samgönguáætlun 2011 - 2014. Verður Korpúlfsstaðavegur framlengdur frá núverandi vegenda við Staðahverfi að Vesturlandsveginum, en sú framkvæmd gæti orðið á næstu árum.

Auglýsingar útboða

Efnisvinnsla Norðurlandi eystra 2003 - 2004 03-063

Tilboð opnuð 26. maí 2003. Norðurlandsumdæmi eystra. Efnisvinnsla í 7 námum á Norðurlandi eystra á árunum 2003 til 2004.

Helstu magntölur: efnisvinnsla á 40.000 m³. Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
3	Björn og Gylfi vinnuvélar sf., Reykjavík	48.145.500	129,0	17.871
---	Áætlaður verktakakostnaður	37.325.000	100,0	7.050
2	Þingvirki sf., Þingeyri	30.475.000	81,6	200
1	Arnarfell ehf., Akureyri	30.275.000	81,1	0

Leiðréttingar á síðasta tölublaði

Á framkvæmdakorti fyrir Austurland er vegarkafli á milli Mývatns og Jökulsár á Fjöllum ranglega merktur sem malarvegur. Nú er bundið slitlag á þeirri leið.

Við mynd af mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka var þess ranglega getið að *Jarðvélar sf.* væri verktaki. Rétt er *Jarðvélar ehf.*

